

REGLUGERÐ**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 17. júlí 1950.****1. gr.**

VIII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

Um lestagjöld.**24. gr.**

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða skal við brúttórúmllest skipsins, í hvert skipti, er þau koma á hafnarsvæðið, þó með þessum undantekningum:

Herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. skip, sem leita hafna vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land, skip, sem sanna fyrir sjórétti, að þau hafi orðið að leita hafna vegna sjótjóns, svo og vitaskip ríkissjóðs.

25. gr.

- a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna eða félaga á Dalvík og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Dalvík a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 150.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja brúttólest.

Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 300.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja brúttólest.

- b. Innlend fiskiskip greiða kr. 1.05 fyrir hverja brúttólest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.
- c. Strandferðaskip, sem að staðaldri eru í strandferðum, eftir fastri fyrirfram auglýstri áæflun, svo og flóabáturinn Drangur, greiði kr. 0.80 af hverri nettólest í hvert sinn.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau, sem undanþegin eru lestagjaldi skv. 24. grein, skulu greiða kr. 1.50 lestagjald fyrir hverja nettólest í hvert skipti.

2. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip samkvæmt a-lið 25. greinar greiði árlega kr. 5.00 af hverri brúttórúmllest í ljósagjald.
- b. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 14. maí, að báðum dögum meðtöldum, og hafnargjöld greiða samkvæmt hafnarreglugerðinni, skulu greiða ljósagjald sem hér segir:
- Skip samkvæmt b-lið 25. gr. greiði kr. 0.25 af hverri brúttólest.
- Skip samkvæmt c-lið 25. gr. greiði kr. 0.25 af hverri nettólest.
- Skip samkvæmt d-lið 25. gr. greiði kr. 0.25 af hverri brúttólest.

3. gr.

34. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Kol, koks og salt.

2. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Kornvara, fódurvara í sekkjum, garðávextir, mjólk, hey, áburður, sement.
3. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Olíur, benzín, smurningsolíur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, ull, mör, tólg, kolsýra og gærur.
4. flokkur. Gjald kr. 4.50 hver 100 kg:
Saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið og freðsild.
5. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Vikursteinn, asbestsplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar, byggingarefni, annað en trjáviður, ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingarefni, jarðstrengur.
6. flokkur. Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-dúkur, saumur, málningarvörur alls konar, pappírsvörur alls konar, krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeti, sápur, þvottaefni og aðrar hreinlætisvörur, járnvörur og handverkfæri, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. u. l.
7. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 10 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex, aðrar brauðvörur, ávextir nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
8. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófátnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd og ekki eru annars staðar taldar, filmur, bækur og lyf.
9. flokkur. Gjald kr. 15.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar og baðker.
10. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.
11. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hverja tunnu af saltsild og hvers konar sjávarafurðum. Af hálf tunnnum reiknast kr. 1.75.
12. flokkur. Tómar tunnur eftir stærð kr. 0.90—kr. 1.25 og kr. 2.00 fyrir hvert stykki.
13. flokkur. Gjald kr. 0.80 fyrir hvert teningsfet:
Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.
14. flokkur. Gjald kr. 20.00 hver stórgripur og kr. 5.00 hver kind.
15. flokkur. Gjald kr. 3.00 hvert tonn:
Möl og sandur.

4. gr.

XI. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

Um aflagjald.

37. gr.

Af heildarafla skips greiðast kr. 10.00 af hverri rúmlest fiskjar, slægðum með haus, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema af síld.

Af hverju máli eða tunnu síldar greiðast kr. 0.50.

Kaupandi, vinnsluaðili eða hver sá, er verkar aflann, innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir greiðslu þess til hafnarsjóðs Dalvíkur, þótt hann innheimti það ekki hjá innleggjanda.

Gjaldið er kræft um leið og afla er landað.

5. gr.

XII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

Um bryggjugjöld.

38. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki hvar sem er á höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip samkv. 25. gr. a-lið greiði kr. 6.00 af hverri brúttólest árlega.
- b. Bátar og skip, sem um getur í b-lið 24. gr., greiði fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring kr. 0.45 af hverri brúttólest.
- c. Strandferðaskip, sem um getur í c-lið 24. gr., greiði kr. 0.45 af hverri nettólest í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar.
- d. Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.75 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring.

Bryggjugjald samkvæmt b-, c- og d-liðum þessarar greinar skal aldrei vera lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1945, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 117 30. júlí 1957, um breyting á hafnar-reglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 17. júlí 1950.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 60.

29. marz 1965.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.**

Fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.